# Árshlutauppgjör – F3 og 9M 2019

Kynningarfundur 1.nóvember 2019

Finnur Oddsson, forstjóri

# Dagskrá

Niðurstöður
Fréttir af starfsemi
Fjárhagur
Horfur



# Helstu upplýsingar

| | 2019 F3 | | 2019 9M | |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | **3.463 mkr** | 9,4% (-7,5%) YOY* | **10.509 mkr** | 8,1% (-6,6%) YOY* |
| **Framlegð** | **747  mkr** | 21,6% af tekjum | **2.520 mkr** | 24,0% af tekjum |
| **Heildarhagnaður (Tap)** | **15 mkr** | 0,4% af tekjum | **366 mkr** | 3,5% af tekjum |
| **EBITDA** | **254 mkr** | 7,3% af tekjum | **704 mkr** | 6,7% af tekjum |

** % í sviga er tekjusamdráttur ef 2019 er borið saman við tekjur 2018 með Tempo*

# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Fréttir af starfsemi samstæðu Origo

- Ágæt tekjuaukning á þriðja ársfjórðungi sé tekið tillit til þess að Tempo kemur nú inn sem hlutdeildarfélag
- Afkoma viðunandi þegar horft er yfir sviðið og stöðugleiki einkennir reksturinn
- Tekjuvöxtur í hugbúnaðartengdri starfsemi og fjárfesting í þróun til að styðja við þá þróun
- Viðskiptavinir sjá hag í útvistun á þjónusturekstri í stað þess að reka eigin tölvuinnviði – ögranir og tækifæri fyrir Origo
- Dregur úr sölu á miðlægum innviðum en aukin eftirspurn á rekstrarþjónustu og öryggislausnum
- Aukin sala á notendabúnaði, m.a. vegna kaupa á Strikamerki og Tölvutek fyrr á árinu, en afkoma undir væntingum
- Unnið er að hagræðingu í rekstri m.a með sjálfvirknivæðingu og í stafrænum áherslum
- Breytingar á hlutverkum í stjórnendateymi



Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrarþjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta



## Fréttir af starfsemi

- Tekjur af **notendabúnaði og tengdri þjónustu** námu 1,4 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi
  - Góður tekjuvöxtur á milli ára
  - Góð sala í Lenovo tölvubúnaði hjá bæði Origo og Tölvutek
  - Sala í gegnum netverslun jókst um 60% frá þriðja ársfjórðungi í fyrra
  - Aukin áhersla á nýtingu stafrænna leiða til að bæta skilvirkni og upplifun viðskiptavina
  - Sérstök áhersla næstu vikur og mánuði á að nýta betur nýjar söluleiðir og að samþætta vöruframboð Origo og Strikamerkis
  - Áfram verður unnið að hagræðingu í rekstri einingarinnar
  - Gunnar Zoega var ráðinn framkvæmdastjóri Notendalausna um miðjan október og hefur hann þegar tekið við starfinu

Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrarþjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta




## Fréttir af starfsemi

- Tekjur af **rekstrarþjónustu og innviðum** námu 948 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi
  - Tekjur lækka á milli ára og afkoma undir væntingum
  - Töluverður samdráttur í sölu á miðlægum innviðum sem skýrir m.a. lakari afkomu
  - Viðskiptavinir horfa í auknum mæli til útvistunar sem betri leið til að hýsa og reka sín eigin tölvuumhverfi
  - Sala á hugbúnaði og tengdri ráðgjöf hefur gengið vel og er aukin eftirspurn í lausnum frá birgjum eins og Microsoft og IBM
  - Vaxandi eftirspurn eftir þjónustu- og ákriftarsamningum auk útseldri vinnu
  - Öryggislausnir, innleiðingar og ráðgjöf hafa verið vaxandi þáttur í starfseminni og er eftirspurn stöðugt að aukast
  - Origo hefur fjárfest verulega í innviðum og þekkingu í öryggismálum

Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrarþjónusta og innviðir | **Hugbúnaður og tengd þjónusta**




## Fréttir af starfsemi

- Tekjur af **hugbúnaði og tengdri** þjónustu námu um 1,1 miakr á þriðja ársfjórðungi
  - Ágætur tekjuvöxtur, afkoma góð og fer vaxandi
  - Hugbúnaðarlausnir almennt afhentar í gegnum tölvuský og í áskrift – mikil aukning í áskriftartekjum Origo
  - Vel gengur að koma nýjum hugbúnaðarlausnum fyrir ferðaþjónustu á framfæri hérlendis og hafa fyrstu skrefin verið tekin fyrir markaðsetningu erlendis og lausnum eins og PaxFlow og Caren
  - Síðastliðið ár hefur verið unnið að uppbyggingu þróunarseturs í Belgrad í Serbíu þar sem nú starfa á annan tug hugbúnaðarsérfræðinga á vegum Origo og dótturfélaga
  - Gert ráð fyrir að starfsfólki í Belgrad muni fjölga á næstu mánuðum
  - 14% tekjuvöxtur hjá Applicon AB í Svíþjóð
  - Horfur í hugbúnaðartengdri starfsemi eru mjög góðar

# Tempo




## Fréttir af starfsemi

- Rekstur hefur gengið mjög vel, heldur umfram áætlanir
- Tekjur á F3 og það sem af er ári jukust um ríflega 30%
- Afkoma samkvæmt áætlun
- Alpha og Beta prófanir á Tempo fyrir Zendesk er að ljúka og gert ráð fyrir að lausnin verði kynnt  í almennri sölu á næstu vikum
- Mikill kraftur í þróun á Tempo, bæði fyrir Atlassian og önnur vistkerfi
- Kauptækifæri í tengdri starfsemi í skoðun til að efla ytri vöxt
- Horfur í rekstri Tempo eru mjög góðar

# FJÁRHAGUR

.origo.

# Lykiltölur úr rekstri fyrstu níu mánuði ársins 2019

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Tekjur**<br>10.509 mkr | **EBITDA**<br>704 mkr | **EBITDA%**<br>6,7% | **Framlegð%**<br>24,0% |
| **Laun og launat. gj/tekjur**<br>44,6% | **Rekstrarkostnaður/ tekjur**<br>21,4% | **Hagnaður tímabils/ tekjur**<br>3,5% | **DSO**<br>23 |
| **Eiginfjárhlutfall**<br>60,2% | **Veltufjárhlutfall**<br>1,51 | **Veltuhraði Birgða**<br>3,9 | **Handbært fé í lok tímabilsins**<br>1.166 mkr |

# Rekstrarreikningur 9M 2019 - sbr við sögulega 9M







| Í milljónum ISK) | 9M 2019 | 9M 2018 |
|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 10.509 | 11.256 |
| Vörunotkun og kostn.verð seldrar þj. | (7.989) | (8.268) |
| **Framlegð** | **2.520** | **2.988** |
| Rekstrarkostnaður | (2.252) | (2.787) |
| **Rekstrarhagnaður** | **268** | **201** |
| Hrein fjármagsngjöld (fjármagnatekjur) | (54) | (30) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 66 | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **280** | **172** |
| Tekjuskattur | (43) | (36) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **237** | **136** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarfélaga | 129 | (1) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **366** | **135** |
| | | |
| **EBITDA** | **704** | **705** |

# Rekstrarreikningur F3 2019 - sbr. við sögulega F3







| Í milljónum ISK9 | F3 2019 | F3 2018 |
|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.463 | 3.743 |
| Vörunotkun og kostn.verð seldrar þj. | (2.716) | (2.672) |
| **Framlegð** | **747** | **1.071** |
| Rekstrarkostnaður | (648) | (868) |
| **Rekstrarhagnaður** | **99** | **203** |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 3 | (23) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | (2) | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **101** | **179** |
| Tekjuskattur | (27) | (36) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **74** | **143** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarfélaga | (59) | 3 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **15** | **146** |
| **EBITDA** | **254** | **369** |

# Rekstur og EBITDA – 9 mánuðir – Helstu áhrifaþættir

| Rekstrarreikningur | 2019 1.1.-30.9. | Áhrif nýs staðals | Fyrir IFRS 16 2019 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 10.508.735 | 0 | 10.508.735 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 7.988.579) | 0 | ( 7.988.579) |
| **Framlegð** | 2.520.156 | 0 | 2.520.156 |
| Rekstrarkostnaður | ( 2.251.747) | 47.103 | ( 2.204.644) |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 268.409 | 47.103 | 315.512 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 54.367) | ( 41.386) | ( 95.753) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 65.687 | 0 | 65.687 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 279.729 | 5.717 | 285.446 |
| Tekjuskattur | ( 42.820) | ( 1.143) | ( 43.963) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 236.909 | 4.574 | 241.483 |
| **EBITDA** | 704.211 | ( 231.466) | 472.745 |



# Efnahagsreikningur







| Í milljónum ISK | 31.09.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 1.801 | 533 |
| Óefnislegar eignir | 2.740 | 2.437 |
| Tekjuskattseign | 7 | 43 |
| Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi | 2.762 | 2.698 |
| Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur | 116 | 13 |
| **Fastafjármunir** | **7.426** | **5.724** |
| Birgðir | 1.399 | 1.647 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.602 | 1.802 |
| Handbært fé | 1.166 | 3.175 |
| **Veltufjármunir** | **4.167** | **6.625** |
| **Eignir samtals** | **11.593** | **12.349** |
| **Eigið fé** | **6.983** | **8.194** |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 583 | 757 |
| Leiguskuldbindingar | 1.262 | 0 |
| **Langtímaskuldir** | **1.845** | **757** |
| Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga | 334 | 0 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 190 | 124 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.241 | 3.273 |
| **Skammtímaskuldir** | **2.765** | **3.397** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **11.593** | **12.349** |

# Sjóðstreymi







| Í milljónum ISK | 1.1.-31.09. 2019 | 1.1.-31.09. 2018 |
|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | 188 | 40 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (427) | (535) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (1.770) | 274 |
| **(Lækkun) á handbæru fé** | **(2.009)** | **(221)** |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 3.175 | 297 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | **1.166** | **75** |

# Origo er *Framúrskarandi fyrirtæki* Creditinfo 2019

- Origo er 6. sæti á heildarlista yfir framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo (CF) fyrir árangur á rekstrarárinu 2018
  - 2% íslenskra fyrirtækja uppfylla skilyrði
  - 6. sæti í flokknum yfir stór fyrirtæki
  - Origo í efsta sæti fyrirtækja í upplýsingatækni og fjarskiptum
- Origo komst fyrst á listann árið 2018 (fyrir rekstrarárangur 2017) og var þá í 86. sæti yfir öll fyrirtæki og í 82. sæti yfir stór fyrirtæki.




## Hvað gerir fyrirtæki framúrskarandi?

- Fyrirtækið er í lánshæfisflokki 1, 2 eða 3
- Ársniðurstaða var jákvæð rekstrarárin 2016–2018
- Eiginfjárhlutfall var a.m.k. 20% rekstrarárin 2016–2018
- Framkvæmdastjóri er skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo
- Ársreikningi var skilað til RSK fyrir rekstrarárin 2016–2018
- Ársreikningi fyrir rekstrarárið 2018 var skilað á réttum tíma skv. lögum
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var jákvæður rekstrarárin 2016–2018
- Rekstrartekjur voru a.m.k. 50 milljónir króna rekstrarárin 2017 og 2018
- Eignir voru a.m.k. 100 milljónir krónar rekstrarárin 2017 og 2018 og a.m.k. 90 milljónir króna rekstrarárið 2016

# Horfur




# Horfur í rekstri

- Áframhaldandi krafa um aukið hagræði í rekstri fyrirtækja þar sem upplýsingatækni og stafrænar leiðir leika mikilvægt hlutverk
- Staða Origo á flestum sviðum er sterk: vörumerki, lausnaframboð og fjárhagsleg staða
- Áhugaverð tækifæri í flestum þáttum starfseminnar, hvort sem horft er til hugbúnaðarlausna, rekstrarþjónustu eða sölu á notendabúnaði
- Horfur í rekstri almennt góðar og gert ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti og heldur betri afkomu næstu misseri.

.origo.

Spurningar?

.origo.

# Fyrirvari

*Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu.*

*Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Þessi kynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.*

*Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

.origo.

.origo.